

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2001

25. september 2001

2063

Nr. 725

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, athafnasvæðis, 1. áfangi v/Rauðhelli 1, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 9. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, athafnasvæðis 1. áfanga.

Breytingin felst í að bundin lína byggingareits er stækkuð til norðurs um 3 metra og bætt er við innkeyrslu nyrst á lóðinni.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. september 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

20. september 2001

Nr. 726

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar, lóð fyrir leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, lóð fyrir leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 29. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að við málsliðinn: „Leyfilegt byggingarmagn er 280 m²“, bætist málsgreinin: „Á vestari byggingarreitnum er einnig heimilt að reisa allt að 75 m² færanlega kennslustofu.“

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 20. september 2001.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.